



Fréttatilkynning
til fjölmiðla

FUNDUR FORSETA ÍSLANDS OG FORSETA MEXÍKÓ

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í gær fund með Vicente Fox forseta Mexíkó þar sem rætt var um aukna þátttöku Íslendinga í þróun sjávarútvegs í Mexíkó og hvernig samtökin Special Olympics geta stuðlað að breyttum viðhorfum í garð seinfærra og þroskaheftra í Mexíkó.

Ásamt forseta Íslands tóku Róbert Guðfinnsson stjórnarformaður Þormóðs ramma og Sæbergs og einn eigenda sjávarútvegsfyrirtækjanna Pesquera Siglo og Nautico í Mexíkó og Vilhelm Már Guðmundsson framkvæmdastjóri hinna mexíkósku fyrirtækja þátt í viðræðunum. Snerust þær um hvernig hægt sé að byggja á reynslu Íslendinga sem starfað hafa í sjávarútvegi í Mexíkó og árangri Íslendinga í þróun sjávarútvegs á heimaslóðum til að ráða bót á margvíslegum vanda sem steðjar að sjávarútvegi í Mexíkó. Lýsti Vicente Fox forseti Mexíkó yfir eindregnum áhuga á að koma á viðræðum milli fulltrúa hinna íslensku fyrirtækja og áhrifamanna í stjórnkerfi og atvinnulífi Mexíkó.

Síðari hluti fundar forsetanna var helgaður málefnum Special Olympics, bæði á heimsvísu og í Mexíkó. Þátttakendur í þeim hluta viðræðnanna voru auk forsetanna Eunice Kennedy Shriver stofnandi Special Olympics, Timothy Shriver framkvæmdastjóri heimssamtakanna og forystumenn Special Olympics í Mexíkó ásamt fulltrúa þeirra seinfærru og þroskaheftu íþróttamanna sem taka þátt í keppni á vegum samtakanna.

Niðurstaða fundarins var að fram munu fara á næstu vikum og mánuðum ítarlegar viðræður milli Special Olympics og ráðuneyta íþróttamála, menntamála og félagslegrar velferðar í Mexíkó um hvernig hægt sé að stórauka umsvif Special Olympics í Mexíkó og skapa þannig fordæmi fyrir önnur ríki í Suður-Ameríku, breyta viðhorfum almennings og efla skilning á getu seinfærra og þroskaheftra einstaklinga til að láta að sér kveða.

Forseti Íslands mun í dag áfram taka þátt í störfum heimsstjórnar Special Olympics en stjórnarfundinum lýkur í kvöld.

11 maí 2004

Myndir frá fundi forseta Íslands og forseta Mexíkó eru tiltækar á skrifstofu forseta Íslands